



## Málefnasamningur

Um meirihlutasamstarf L-Listans (Framtíðarlistinn) og N-listans (Nýtt afl) í sveitarstjórn Langanesbyggðar 2014-2018

- Fulltrúar beggja lista munu vinna að samstarfi þessu af fullum heilindum og með hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi. Listarnir skipta með sér oddvitaembættinu, N-listinn frá 20.06.2014 -20.06.2016 og L-listinn 20.06.2016 til sveitarstjórnarkosninga 2018. Varaoddvitaembættið skal skiptast á sama hátt, það er L-listi frá 20.06.2014 til 20.06.2016 og N-listi frá 20.06.2016 til sveitarstjórnarkosninga 2018. L- og N-listar hafa sammælst um að auglýsa eftir sveitarstjóra til næstu fjögurra ára.  
**Málefnasamningurinn er grundvallaður á stefnuskrám listanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2014.**

### Stjórnsýsla:

Við leggjum áherslu á:

- Ábyrga fjármálastjórnun og að styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins. Að hafa góða yfirsýn yfir fjárhagsstöðu allra deilda og að fjárhagsáætlanir standist.
- Að stjórnsýslan sé gegnsæ, skilvirk og mæti þörfum íbúa eins og kostur er. Við viljum upplýsa íbúa, með margvislegum hætti, um verkefni sveitarfélagsins og áherslur í starfi sveitarfélagsins.

### **Fræðslumál:**

Við leggjum áherslu á:

- **Að vinna að því að nýr leikskóli verði opnaður haustið 2015**
- **Að finna lausn á dagvistarmálum á Bakkafirði**
- **Að standa vörð um tónlistarskólann og efla hann enn frekar**
- **Að grunnskólarnir í sveitarféluginu verði reknir áfram sem sjálfstæðar einingar.**
- **Að vinna að forvarnarstefnu í Langanesbyggð**

### **Velferðarmál:**

Við leggjum áherslu á:

- **Að hlúa að fjölskyldufólki í sveitarféluginu.**
- **Við viljum efla tómstundastarf barna og unglings og fá nánari samvinnu á milli allra tómstundafélaga þannig að það henti báðum byggðakjörnunum sem best.**
- **Að efla starfsemi eldri borgara og að auka samráð við þá.**
- **Að móta nýbúastefnu og móttökuáætlun og styðja við nýbúa í sveitarféluginu.**
- **Að standa vörð um góða starfsemi slökkviliðs, sjúkrabíls og björgunarsveitar og greiða þeirra leið eftir bestu getu.**

### **Umhverfis- og skipulagsmál:**

Við leggjum áherslu á:

- **Að finna varanlega lausn á sorpmálum í Langanesbyggð.**
- **Að klára deiliskipulag í sveitarféluginu.**
- **Hreint og snyrtilegt sveitarfélag**
- **Að viðhalda fasteignum sveitarfélagsins eins vel og hægt er hverju sinni og gera áætlun um viðhald fasteigna.**
- **Að standa vörð um menningarf Langanesbyggðar.**

**Atvinnumál:**

Við leggjum áherslu á:

- Að standa vörð um störf í Langanesbyggð og styðja við allar atvinnugreinar.
- Að leita leiða til að fjölga atvinnutækifærum og auka fjölbreytileika atvinnulífsins.
- Að stuðla að nýsköpun í ferðaþjónustu og auka arðsemi hennar.
- Við viljum stuðla að áframhaldandi starfsemi í tengslum við rannsóknir í Finnafirði í sátt við íbúa og náttúru.

**Samgöngumál:**

Við leggjum áherslu á:

- Bættar samgöngur innan sveitarfélagsins, þrýsta á stjórnvöld að efna loforð um að bundið slitlag verði lagt milli þéttbýlisstaðanna.
- Að standa vörð um að flugsamgöngur verði áfram til Þórshafnar sérstaklega með tilliti til sjúkraflugs á svæðinu

**Þórshöfn 27.06.2014**

Hulda Kristin Baldursdóttir

Augnir A. Jónss